

Nd.

188. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp. Það má telja vist, að á næsta þingi verði gerðar allmiklar breytingar á áfengislöggjöf landsins, og yrði þá væntanlega jafnframt tekið til athugunar, hvort heppilegt þætti að hafa nokkurn tilbúning áfengis í landinu, hvort heldur er til neyzlu innanlands eða útflutnings, og hver afstaða verður tekin til áfengs öls yfirleitt. Þess vegna þykir minni hlutanum rétt að halda því máli opnu og leggur til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Héðinn Valdimarsson,
frsm.

Ingólfur Bjarnarson.